



Fagráð um velferð dýra

Ársskýrsla 2018

Matvælastofnun (september 2019)



Um Fagráð um velferð dýra

Fagráð um velferð dýra starfar samkvæmt 5. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013. Fagráðið hefur aðsetur hjá Matvælastofnun, sem leggur því til vinnuáðstöðu og starfsmann með sérfræðipekkingu á sviði ráðsins. Yfirdýralæknir er formaður fagráðsins en aðrir fulltrúar skulu skipaðir af Bændasamtökum Íslands, Dýralæknafélagi Íslands, Dýraverndarsambandi Íslands og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Hlutverk ráðsins er eftirfarandi:

- að vera Matvælastofnun til ráðuneytis um stefnumótun og einstök álitaefni er varða málefni á sviði velferðar dýra,
- að veita Matvælastofnun umsögn um umsóknir vegna dýratilrauna,
- að fylgjast með þróun dýravelferðarmála og upplýsa Matvælastofnun um mikilvæg málefni á sviði velferðar dýra,
- að taka til umfjöllunar mál á sviði velferðar dýra að beiðni einstakra fagráðsmanna.

Eftirtaldir skipuðu Fagráð um velferð dýra árið 2018:

- Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir, formaður, skipuð án tilnefningar
- Erna Bjarnadóttir, búfjárkandídat og hagfræðingur, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands, Varamaður: Baldur Helgi Benjamínsson, búfjárfæðingur, tilnefndur af sama,
- Katrín Andrésdóttir, dýralæknir, tilnefnd af Dýralæknafélagi Íslands, Varamaður: Grétar Hrafn Harðarson, tilnefndur af sama,
- Ólafur Dýrmondsson, Ph.D í búfjárfæðum, tilnefndur af Dýraverndunarsambandi Íslands, Varamaður: Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndunarsambands Íslands, tilnefnd af sama,
- Henry Alexander Henrysson, heimspekingur og kennari í siðfræði, tilnefndur af Siðfræðistofnun HÍ, Varamaður: Guðbjörg Rannveig Jóhannesdóttir, nýdoktor hjá Heimspekistofnun HÍ, tilnefnd af sama.

Frá stofnun Fagráðsins hefur Þóra Jónasdóttir verið starfsmaður þess, með sérfræðipekkingu á sviði þess. Í ágúst mánuði 2018 tók Sigríður Björnsdóttir við því hlutverki er snéri að faglegu mati á dýratilraunum, en fyrr hafði fulltrúi yfirdýralæknis tekið að sér að sjá um utanumhald þess, boða fundi, rita fundargerðir o.fl.

Samkvæmt lögum um velferð dýra ber Fagráði að halda gerðarbók um störf sín. Frá árinu 2017 hefur það verið gert með því að birta fundargerðir þess á heimasíðu [Matvælastofnunar](#). Einnig er skylt að rita ársskýrslu Fagráðs um velferð dýra og gefa út og er þetta fyrsta ársskýrslan.

Stefnumótun og einstök álitaefni er varða málefni á sviði velferðar dýra

Það er eitt af hlutverkum ráðsins að vera Matvælastofnun til ráðuneytis um stefnumótun og einstök álitaefni er varða málefni sviði velferðar dýra.

Samkvæmt lögum um velferð dýra er Matvælastofnun skylt að leita álits Fagráðs um stefnumótandi ákvarðanir á sviði dýravelferðarmála. Voru alls níu erindi þess eðlis:

- Úrskurður Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um eyrnaklippingar katta
- Dýrasýningar, keppnir og dýr notuð til gjafa

- Breytt skipulag eftirlits – hvernig er hægt að greina skyndileg frávik – samstarf við félagsþjónustu og sveitarfélög
- Burðarferfiðleikar, einkum hjá ám, sem hugsanlega geta tengst vaxtarlagi fjár, einkum hrúta
- Velferð fiska, einkum laxfiska, bæði í fiskeldi í kerjum á landi og sjókvíum, og við stangveiði þar sem fiskum er sleppt aftur.
- Tilkynningaskylda til MAST vegna ýmiskonar uppákoma/slysa (bruni, önnur tjón og bilanir). Allar dýrategundir.
- Skilgreining limlestingar, bæklunar og örkumls í reglugerðum.
- Hundahald, ábyrgð og velferð.
- Hvað gæti fallið undir dýratilraun, s.s. einföld auðkenning, merking, fóðurtilraunir o.fl.

Hvert þessara efnisliða fékk sjálfstæða umfjöllun Fagráðs. Um niðurstöður þess, ályktanir, áskoranir og tilmæli má lesa um í fundargerðum Fagráðs.

Umsagnir um umsóknir vegna dýratilrauna

Matvælastofnun ber skylda að leita umsagnar Fagráðs um velferð dýra áður en leyfi til dýratilrauna eru afgreidd. Samkvæmt reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni telst tilraun vera leyfisskyld ef hún kann að valda dýrinu sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegum skaða sem jafngildir eða er meiri en það sem skapast af nálarstungu í samræmi við góðar starfsvenjur í dýralækningum.

Með setningu laga um velferð dýra var í fyrsta sinn á Íslandi viðurkennt af löggjafa að dýr væru skyni gæddar verur. Þá er bannað með sömu lögum að misbjóða dýri eða fara illa með þau á annan hátt. Það liggur því í hlutana eðli að tilraunir á dýrum eru undantekningar á þessum meginreglum laganna. Þrátt fyrir miklar framfarir við þróun og framleiðslu ýmissa afurða, s.s. lyfja, lækningatækja, læknisumbúða of.l. eru tilraunir á lifandi dýrum enn þá mikilvægur liður í slíku starfi. Það vegast því alltaf á sjónarmið um nauðsyn tilraunarinnar og sjónarmið um hversu mikið inngripið er í eðlilegt líf dýrsins, siðferðissjónarmið vega því þungt.

Fagráð gegnir mikilvægu hlutverki sem umsagnaraðili vegna dýratilrauna. Því auk áður nefndra sjónarmiða geta verið miklir fjárhagslegir hagsmunir undir fyrir umsækjendur, og þar með fyrir allt þjóðarbúið. Fagráð og Matvælastofnun eru því einu óháðu aðilarnir sem geta tekið afstöðu til velferðar þeirra dýra sem eru viðföng dýratilrauna.

Alls bárust Fagráði 24 umsagnarbeiðnir á árinu 2018:

- Rapid Development of Monoclonal Antibodies using two different immunization strategies.
- Metamorphosis, Atlantic Salmon feeding trial.
- Objective gait and lameness detection in Icelandic horses. Hlutlæg greining á hreyfingum og heldi í íslenska hestinum.
- Skimun á lyfjasafni ONO fyrir ALS taugahrönnursjúkdómi í sebrafiskum.
- Rannsókn á erfðaefni geita.
- Bólusetning í eitla með völdum smámýsofnæmisvökum í Alum/MPL ónæmisglæði.
- Vistfræðirannsóknir á íslenskum varpfuglum.
- Dægursveifur í virkni bleikju. Áhrif svipfars og vistfræðilegra þátta.
- Greining á tjáningu og hlutverki MITF umritunarpáttarins í músum (framhald).
- Rana-veira úr hrognkelsum/hreinsifiskum - mögulegt smit frá hreinsifiski yfir í lax í eldiskvíum.
- Erfðarannsókn á hrossum til að kanna arfgengi drómasýki í hrossum.
- Þróun á ónæmismeðferð gegn sumarexemi í hestum.
- Effects of angiotensin II receptor blockers (ARB)-class drugs on intraocular pressure (IOP).

- Aukning á endurmynduns mýelíns í miðtaugakerfi.
- Rannsóknir á sjúkdómum sem orsakast vegna stökkbreytinga í utangenakerfinu.
- Kennsla í verklegri þjálfunarlífeðlisfræði, mælingar á mjólkursýru í blóði hesta eftir líkamlegt álag.
- Meinafræðileg stöðlun og framkvæmd álagsprófana á öndunarvegabekju til mælinga á fyrirbyggjandi áhrifum nýrra lyfjaefna gegn öndunarvegabekjubresti. Útvíkkun á eldri tilraun.
- Lyfjahvörf augndropa með lyfjum sem hemja viðtaka.
- Verklegur dagur bráðainngripa í kindamódeli.
- Viðbótarumsókn: Lyfjahvörf (pharmacokinetics) augndropa með lyfjum sem hemja viðtaka VASCULAR ENDOTHELIAL GROWTH FACTOR (anti-VEGF lyf). Viðbót: Þriðja lyfi bætt við, acrizanib, með sömu virkni og hin tvö.
- Endurnýjun á: Umsókn um leyfi til framleiðslu á einstofna mótefnum í erfðabreyttum músum.
- Meinafræði breytinga á æxlunarfærum ásetningslamba.
- Uptaka mótefna úr broddi hjá nýfæddum kálfum.
- Kerecis Oral sáraroð vs samanburðarvara í verndun nýmyndaðs beins í rottum.
- Fish Skin in soft tissue reinforcement: An in vivo assessment of safety in a rat model of abdominal wall repair.

Alls veitti Fagráð 19 jákvæðar umsagnir, auk þess sem þrjár umsóknir fengju jákvæða umsögn með ákveðnum skilyrðum. Tvisvar var veitt neikvæð umsögn.

Nánar má lesa um umsagnir Fagráðs í fundargerðum ráðsins.

Þróun dýravelferðarmála og mikilvæg málefni á sviði dýravelferðar

Fagráð um velferð dýra er skipað á faglegum grunni í samræmi við 5. gr. laga um velferð dýra þar sem kveðið er á um að það sé skipað fagfólk á sem flestum eftirtalinna sviða: dýralækninga, dýrafræði, dýraatferlisfræði, dýravelferðar, dýratilrauna, búfjárfræða og siðfræði. Einstaka meðlimir ráðsins vekja reglulega athygli á málefnum sem tekin eru til umræðu, formlega sem óformlega.

Á árinu ákvað Fagráð að setja sjálfu sér verklagsreglur og voru þær settar um haustið. Helstu nýmæli reglana snúa að framlagningu erinda, bæði með tilliti til forms og fyrirvara. Starfsreglur Fagráðs eru birtar á vefsvæði þess á vef Matvælastofnunar.

Dýravelferðarmál tekin fyrir að beiðni einstakra fagráðsmanna.

Eftirtalinn erindi einstakra fagráðsmanna voru tekin formlega fyrir á árinu:

- Þéttleiki á nautgripabúum.
- Skjól fyrir skepnur sem ekki eru í húsi.
- Fyrirspurn um hvort Fagráð hafi tekið fyrir tilraun þar sem staðsetningartæki eru sett á dýr.
- Hundar sem ganga lausir og limlesta eða drepa sauðfé í heimalöndum og afréttum.
- Heimaslátrun og velferð dýra í slíkum aðstæðum

Um umræður um þessi mál og niðurstöðu þeirra má lesa í fundargerðum Fagráðs.